

Fjarskiptafélag Öræfinga

Greinargerð Fjarskiptafélags Öræfinga (FÖ) vegna möguleika á fjarskiptatengingum í Öræfum.

Í dag er boðið upp á ISDN gagnaflutningssamband í Öræfum, **0,064 Mbits**. Hámarkshraði á slíku sambandi er **2 x 0,064 Mbits eða 0,128 Mbits**. Þá er um að ræða sama hraða að og frá notanda. Skv. samningi Fjarskiptasjóðs við Símann þann 25.2. 2009 er gert ráð fyrir **2 Mbits** netsambandi til notenda þar sem ekki ríkir samkeppni á fjarskiptamarkaði og teljast Öræfin vera slíkt svæði. Samningurinn gildir til ársins 2014 en þá verður gagnaflutningshraðinn **2 Mbits úreltur**. Umræddur hraði er reyndar nú þegar **úreltur** og því til stuðnings má m.a. benda á töflu nr. 1 á bls. 15 og töflu nr. 3.3.2 Háhraðavæðing á bls. 24 í Fjarskiptaáætlun 2005 til 2010 sem gefin var út af Samgönguráðuneytinu árið 2005, sjá betur:

[www.pta.is/upload/files/fjarskiptaetlun\(1\).pdf](http://www.pta.is/upload/files/fjarskiptaetlun(1).pdf)

Ég vil benda sérstaklega á samanburðartöflu á nethraða á bls. 39 í Fjarskiptaáætluninni til að hægt sé að átta sig á samanburði á nethraða.

Möguleikar á netsambandi í Öræfum:

1. ISDN, mesti hraði 0,128 Mbits.

- **Kostur:** notast við núverandi koparlínur
- **Gallar:** löngu úrelt til gagnaflutninga, netsamband dýrt.

2. 2 Mbits samband skv. útboði Fjarskiptasjóðs.

- **Kostir:** Notast verður(að öllum líkindum) við núverandi koparlínur, kostnaður fyrir notendur mun felast í endabúnaði (beini) sem gera má ráð fyrir að kosti 10 til 20 þúsund krónur sem þýðir lágur stofnkostnaður.
- **Gallar:** Tengihraði nú þegar úreltur, ekki hægt að ná stafrænu sjónvarpi með svo lágum hraða, Öræfingar bundnir við einn þjónustuaðila => einokun, skammtímalausn

3. 3G samband skv. útboði Fjarskiptasjóðs (þráðlaust samband í GSM).

- **Kostir:** Næst á flestum stöðum við þjóðveg 1, stofnkostnaður lágur og felst í einum beini (router) sem hugsanlegt er að viðkomandi símafyrirtæki myndi leggja til við þjónustusamning, á vel við fyrir t.d. ferðamenn og aðila sem ekki hafa búsetu í Öræfum.
- **Gallar:** gjaldtaka fer eftir því gagnamagni sem sótt er, **takmarkaður gagnaflutningshraði** (raunverulegur gagnaflutningshraði **1 til 2 Mbits** við bestu skilyrði), „uppitími“ ekki öruggur vegna veðurfarsskilyrða, skammtímalausn fyrir aðila búsetta í Öræfum.

4. Þráðlaust netsamband með örbylgju (sjá t.d. www.abotinn.is/)

- **Kostir:** Ekki þörf á jarðvinnu, hægt að setja upp án mikillar fyrirhafnar

Ingólfur Bruun
10. maí 2009

Fjarskiptafélag Öræfinga

- **Gallar:** Endabúnaður dýr (um eða yfir 80 þ. krónur), hætta á truflunum vegna veðurs, takmarkaður gagnaflutningshraði (**4 Mbits skv. heimasíðu Ábótans**), íbúar bundnir við einn þjónustuaðila.

5. Ljósleiðari Rarik í Öræfum

- **Kostir: Gagnaflutningur 100 Mbits raunhæfur í dag**, aðeins endabúnaður takamarkar gagnaflutningshraða, möguleiki á sjónvarpi og háskerpusjónvarpi, möguleiki á útvarpssendingum í gegnum netið, möguleiki á síma í gegnum ljósleiðara (IP síma), íbúar ráða hvar þeir kaupa fjarskiptaþjónustu, engin hætta á truflunum vegna veðurs (jarðstrengir), samkeppni í þjónustu, **framtidarlausn á fjarskiptum í Öræfum**.
- **Gallar:** Stofnkostnaður hár, verð á endabúnaði allt að 250 þ. fyrir utan kostnað við jarðvinnu vegna heimtaugar.

Til þess að fræðast um kosti ljósleiðarans vil ég benda sérstaklega á myndband á heimasíðu Gagnaveitu Reykjavíkur á slóðinni www.gagnaveita.is/Heimili/ Mjög fróðlegt er að horfa á umrætt myndband og svarar það mörgum spurningum hjá þeim sem ekki þekkja til ljósleiðaratækninnar. Rekstararform ljósleiðaratengingar í Öræfum myndi byggja á sama formi og Gagnaveita Reykjavíkur, grunnnet sem allir þjónustuaðilar geta nýtt sér.

Í lokin vil ég aðeins geta þess að þrátt fyrir að gagnaflutningur um koparlínur sé í sífelldri þróun þá er um að ræða hraðaaukningu sem aðeins á við á styttri vegalengdum, 6 km. og skemur. Ljósleiðari er síður háður löngum vegalengdum, t.d. er hægt að senda 1000 Mbits netsamband 80 km. leið án mikils kostnaðar eða flókins búnaðar í dag.

Ef óskað er getur undirritaður rökstutt frekar ofangreinda samantekt. Þá má hafa samband við mig í GSM 695-3413 eða heimasíma 551-3413.

Ingólfur Bruun

Barmahlíð 43

105, Reykjavík

i@05.is

Ingólfur Bruun
10. maí 2009